

213. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar,

mánudaginn, 7. desember 2017 kl. 16.00

Fundarmenn:

Stjórnarmenn: Matthías Rögnvaldsson formaður, Steinunn María Sveinsdóttir, Þórunn Sif Harðardóttir, Bjarni Th Bjarnason og Þróstur Friðfinnsson. Snorri Finnlaugsson var gestur á fundinum.

Starfsmenn: Sigmundur Einar Ófeigsson og Baldvin Valdemarsson (ritaði fundargerð)

Formaður setti fundinn kl. 16.00

1. Undirritun fundargerðar nr. 212

Fundargerð síðasta fundar undirrituð án athugasemda.

2. Kynning á fundargerð Eyþings

Farið var yfir ályktanir aðalfundar Eyþings. Hjá Eyþingi liggja 62 mkr. vegna sóknaráætlunar og uppbyggingarsjóðs. Greint frá fundi með stýrineti stjórnarráðsins.

3. Brothættar byggðir, starfsmaður

Starfsmaður Brothættra byggða, Helga Íris, verður starfsmaður AFE frá og með áramótum. Framlag kemur frá Byggðastofnun vegna kostnaðarauka AFE.

4. Verkefni AFE

Farið yfir áhersluverkefni sóknaráætlunar. Greint frá afar vel heppnuðum haustfundi atvinnuþróunarfélaga sem AFE hélt í október.

5. Raforkuflutningar og raforkumál

Ráðstefnu Byggðastofnunar um raforkumál frestað. Verður væntanlega haldinn í janúar. Skýrsla verkfræðistofunnar Lotu um stöðu raforkumála er í vinnslu.

6. Bráðabirgðauppgjör janúar til september 2017

Rekstur AFE er í góðu jafnvægi. Vísað er í framlögð gögn.


7. Önnur mál


Skipun í skólanefnd VMA. Stjórnin samþykkir að Hrafnhildur Elín Karlsdóttir verði skipuð í skólanefnd Verkmenntaskólans.


Fundur svæðisskipulagsnefndar var haldinn 29. Nóvember. Þróstur sagði frá fundinum.

Ekki var fleira rætt á fundinum og fundi slitið 17:40

Næsti fundur 15. jan. kl. 15:00


Matthías Rögnvaldsson


Bjarni Th. Bjarnason


Þórunn Sif Harðardóttir